



Fundargerð

10. fundur öldungaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Nesvöllum

1. september 2021, kl. 14:30

Viðstaddir: Þórdís Elín Kristinsdóttir, formaður, Díana Hilmarsdóttir og Rúnar V. Arnarson, fulltrúar Reykjaneshæjar, Eyjólfur Eysteinnsson, Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Loftur Hlökkver Jónsson, fulltrúar Félags eldri borgara á Suðurnesjum, Margrét Blöndal, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Ása Eyjólfsdóttir, forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, ritari.

* * *

1. Heilsuvernd aldraðra (2021050023)

Málinu er frestað.

2. Hvatagreiðslur fyrir eldri borgara (2021080270)

Reykjaneshæjar hefur nýverið lokið við metnaðarfulla og greinargóða lýðheilsustefnu og telur öldungaráð Reykjaneshæjar vert að skoðaðar verði hvatagreiðslur fyrir eldri borgara, sérstaklega þá efnaminni. Reglur um hvernig nýta megir hvatagreiðslurnar verði með sama hætti og hvatagreiðslur fyrir börn.

3. Nýtt hjúkrunarheimili (2019050812)

Ása Eyjólfsdóttir forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu kynnti stöðu mála varðandi byggingu nýs hjúkrunarheimilis.

4. Virðing og reisin – drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu við aldraða (2021010326)

Drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða er í umsagnarferli í samráðsgátt stjórnvalda.

Öldungaráð Reykjaneshæjar fagnar þeirri vinnu sem hefur átt sér stað varðandi samþættingu heilbrigðis- og félagsþjónustu fyrir eldra fólk, sérstaklega þar sem lífaldur hefur aukist til muna.

Framtíðarsýn í öldrunarmálum hefur verið til í mörg ár en betur má ef duga skal. Öldungaráð Reykjaneshæjar telur mjög mikilvægt að stefnunni verði fylgt eftir með aðgerðaáætlun og utanumhaldi. Það þarf að huga að fjármagni og faglegrri mönnun til þess að eldra fólk geti búið heima hjá sér eins lengi og kostur gefst. Auknu fjármagni verði veitt í verknám og hvatningu til þess að læra fög er snúa að umönnun eldra fólks. Í dag eru málefni eldri borgara samtvinnuð tveimur ráðuneytum, annars vegar heilbrigðisráðuneytinu og hins vegar

MD

L.H.J.

EY. G. HO.

RUF DM

þau



félagsmálaráðuneytinu, sem gerir samþættinguna flóknari og erfiðari viðfangs að mati ráðsins.

Ráðið hefur kynnt sér þær umsagnir sem eru komnar inn í samráðsgáttina og tekur heilshugar undir marga af þeim þáttum sem þar koma fram.

5. Fundargerðir neyðarstjórnar (2021010061)

Fundargerðir lagðar fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.

Þórdís Elín Krítkind.

Diana Hilmarsson

Rinnur J. Ólafsson

Lýsigræn Eirseyra
Skapahildur Gunnarsd.

Leytur H. Jónsson

Margrét Ólafsdóttir